

Fundur stjórnar FMR 15. Apríl 2019 klukkan 17-18:30.

Mættir: Sigríður Björnsdóttir, Ragný Guðjohnsen, Sigríður Hermannsdóttir, Þórður Helgason. ,
Katrín Heiðar og Elísabet Siemsen var með hluta af fundinum.

- 1) Ræddum við Elísabetu hvernig við gætum stutt nemendur og skólann. Hugmynd að styrkja nemendum með því að kaupa samlokugrill og önnur tæki sem gæti verið nýtsamleg í Cösu. Elísabet kom með þá ósk að FMR myndi styðja (t.d. taka þátt í kostnað á rútum) möguleika á því að allir nemendur gætu farið í eina ferð í Selið í haust.
- 2) Ragný Guðjohnsen mun hafa samband við fulltrúa nemendafélagsins og fjármálastjórnann til að fá hugmyndir hvað myndi vanta í Cösu og hvað við getum keypt.
- 3) Valgreiðsluseðlarnir, um það bil 40 % af foreldrum hafa greitt seðlana þetta skólaár.
- 4) Ragný, Sigrún og Þórður munu hætta í stjórn í haust þar sem börn þeirra eru að útskrifast. Ragný getur verið með og hjálpað til að vera með á kynningarfundinum í Ráðhúsinu í byrjun sept. Gott að reyna að virkja áhugasama foreldra með okkur í stjórn.
- 5) Rætt að reyna að hafa aðalfund og foreldraskvöldið í haust fyrr en hefur verið. Væri sniðugt að hafa það í fyrstu eða aðra vikuna í sept. Gott að allir komi með hugmyndir að áhugaverðu efni/fyrirlesara fyrir foreldraskvöldið.
- 6) Næsti stjórnafundur áætlaður í ágúst 2019.

Fundi sliti.

Sigríður Björnsdóttir, ritari